

**Nd. 234. Frumvarp til laga [65. mál]**

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. marz.)

Samhljóða þskj. 127 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

1. másl. d-liðar 82. gr. laganna orðist svo:

allt að 600 þúsund krónur á ári í utanfararstyrki sjúklinga samkvæmt fjárlögum, framlag til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59 1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir.

25. gr. hljóðar svo:

Fyrir orðin „kr. 300.00 á mánuði“ í 84. gr. laganna komi: kr. 600.00 á mánuði.

26. gr. hljóðar svo:

Aftan við lögin bætast ný ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins er, þar til öðruvísi verður ákveðið, heimilt að fresta að veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri.

Tryggingastofnun ríkisins skal ákveða iðgjöld sjúkrasamlaga til samræmis við ákvæði 21. gr. laga þessara.

27. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bætur lífeyristrygginganna skulu greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. febrúar 1960, nema fjölskyldubætur, sem fyrst greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. apríl 1960. Þá skulu ákvæði 11. gr. um framlög vegna fjölskyldubóta og önnur framlög til lífeyristrygginga gilda frá 1. janúar 1960, ákvæði 21. gr. um iðgjöld og framlög til sjúkrasamlaga gilda um iðgjöld og framlög fyrir tíma eftir 31. desember 1959, og ákvæði 23. gr. gilda frá 1. janúar 1960.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 68 1958, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, lög nr. 69 1958, um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., 2. másl. 1. gr. laga nr. 1 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl., og lög nr. 27 1959, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.